

## The renovation of the 72 stop Klaisorgan

The big organ in Hallgrímskirkja, built in Johannes' Klais world-renowned Orgelbau in Bonn in Germany, is the largest musical instrument in Iceland. It was inaugurated on December 13th 1992 and celebrated its twentieth anniversary 2012. Its size, elegant design and sound coupled with the acoustics and splendid interior at Hallgrímskirkja have made this grand organ a much sought after instrument all over the world.
The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society has from the organs inauguration organized an ever increasing number of organ concerts, especially during the summer when thousands of tourists attend the International Organ Summer, an annual festival from June until August.
Each year, around 40 organ concerts are given in Hallgrímskirkja and advanced students at the Music Academy of the Evangelical Lutheran Church of Iceland frequently receive lessons at this excellent instrument. Hardly a day goes by without Hallgrímskirkja's Klais-organ being played.
At the beginning of 2013 representatives from the Klais Orgelbau in Bonn arrived in Iceland to clean the organ and renew various pieces of hardware, worn due to much strain. During this process all 5.273 organ pipes had to be removed. This presented an excellent opportunity for modifications on the organ's computer equipment, called for by new technology and increased demands. At the completion of this extensive project it can be said that the Klaisorgan in Hallgrímskirkja is as new, every pipe has been polished and retuned and the organs electronic operating system has been updated to the year 2013, with many fascinating new possibilities.
Information and a collection-pipe may be found at the church entrance, where friends of the organ and its music can support us in this expensive project.
The Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society expresses its heartfelt gratitude to all supporters.
Happy International Organ Summer 2014!
Hörður Áskelsson, Music Director of Hallgrímskirkja

## New CD with Hörður Áskelsson

Hörður Áskelsson has been organist at Hallgrímskirkja since 1982, when he returned to Iceland from his studies in Düsseldorf, Germany. He has played a key role in building up the church's artistic activities, founding the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society, the Hallgrímskirkja Motet Choir and the Schola cantorum chamber choir.
Two acclaimed events on the Icelandic music calendar, the biennial Festival of Sacred Arts and the International Organ Summer concert series, were devised by Áskelsson, who is their artistic director.
Many composers have dedicated their work to Áskelsson who has performed at important festivals and cathedrals in Europe such as Notre Dame in Paris, St. Sulpice and Cologne Cathedral.
His new CD was recorded at the beginning of the year 2014 and is to celebrate the renovation of the Klais organ.





## Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12

## Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon

Í samvinnu við Félag íslenskra organleikara
In cooperation with Icelandic Organist Association

| | |
|---|---|
| 19. júní/June 19 | Helga Þórdís Guðmundsdóttir,<br>Víðistaðakirkja/Iceland |
| 26. júní/June 19 | Guðmundur Sigurðsson,<br>Hafnarfjarðarkirkja/Iceland |
| 3. júlí/July 3 | Kári Allansson, Háteigskirkja<br>& Anna Jónsdóttir soprano, Reykjavík |
| 10. júlí/July 10 | Steingrímur Þórhallsson, Neskirkja<br>& Hallveig Rúnarsdóttir, soprano, Reykjavík |
| 17. júlí/July 17 | Sigrún Magna Þórsteinsdóttir,<br>Akureyrarkirkja/Iceland |
| 24. júlí/July 24 | Jón Bjarnason,<br>Skálholt Cathedral/Iceland |
| 31. júlí/July 31 | Stéphane Rigat, orgel & Olivier Gillet<br>trumpet, Marseille/France |
| 7. ágúst/August 7 | Eyþór Ingi Jónsson,<br>Akureyrarkirkja/Iceland |
| 14. ágúst/August 17 | Gunnar Gunnarsson,<br>Fríkirkjan í Reykjavík/Iceland |














# Schola cantorum

## Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12

## Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon

Eins og fyrri sumur stendur kammerkórinn Schola cantorum fyrir hádegistónleikum í sumar í Hallgrímskirkju. Fluttar verða kórperlur eftir íslensk tónskáld ásamt íslenskum þjóðlögum. Tónleikarnir hafa jafnan hlotið lof áheyrenda en með þeim gefst gestum kirkjunnar tækifæri á að upplifa hinn mikla hljómburð kirkjuskipsins.

Tónleikarnir hefjast kl. 12:00 og standa í u.þ.b. hálftíma.

Aðgangseyrir: 2.000 kr.

Miðasala við innganginn.

Schola cantorum chamber choir of Hallgrimskirkja presents an excellent opportunity to experience the great acoustics of Hallgrimskirkja. The repertoire consists of Icelandic contemporary music for a capella choir as well as Icelandic folk songs.

The concert starts at 12 noon and lasts around 30 min.

Admission: 2.000 ISK

Tickets by the entrance.



## Ágætu tónleikagestir

Ég býð ykkur velkomin á Alþjóðlegt Orgelsumar 2014 í Hallgrímskirkju. Tónleikaröðin er haldin undir merkjum Listvinafélags Hallgrímskirkju og er þetta 22. sumarið sem orgelhátíð er haldin yfir sumartímann, eða allt frá því að Klais-orgel kirkjunnar var vígt 1992.
Alþjóðlegt Orgelsumar í Hallgrímskirkju hefur ætíð laðað að sér alþjóðlegar orgelstjörnur og er árið í ár engin undantekning eins og sjá má af dagskrá sumarsins. Það er líka sérlega ánægjulegt við orgelhátíðina í ár að tveir ungir íslenskir organistar sem hafa nýlega lokið mastersprófi við tónlistarháskóla erlendis eru meðal flytjenda.
Á hverjum degi fyllist Hallgrímskirkja af ferðafólki og það er okkur mikil ánægja að geta boðið upp á vandaða tónleika yfir hásumarið.
Í sumar, frá 14. júní til 17. ágúst verða fernir tónleikar á viku; Kammerkórinn Schola cantorum heldur hádegistónleika á miðvikudögum kl. 12. Íslenskir organistar eru í öndvegi á hádegistónleikum á fimmtudögum kl. 12. Orgeltónleikar með alþjóðlegum þekktum organistum verða á laugardögum kl. 12 og á sunnudögum kl. 17.
Ég vil líka benda á að organistar Alþjóða orgelsumarsins taka þátt í helgihaldinu í Hallgrímskirkju með því að leika eftirspil í messu sunnudagsins.



Kæru tónleikagestir, ég vona að þið njótið tónleikanna hér í Hallgrímskirkju.
**Björn Steinar Sólbergsson,**
**organisti Hallgrímskirkju**

## Dear guests

Welcome to The international Organ Summer in Hallgrímskirkja 2014, a series of concerts hosted by the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society. Summer organ festivals have been held here since the church's Klais organ was inaugurated in 1992, making this the 22nd festival. The International Organ Summer holds an important position in Reykjavík's cultural environment and enriches the experience of tourists during the summer.
Once again Iceland is expecting a large number of visitors this summer and the Hallgrímskirkja Friends of the Arts Society wants to enrich their visit with numerous concerts from June 14th – August 17th. Lunchtime concerts, performed by Hallgrímskirkja's chamber choir Schola cantorum, will be given on Wednesdays at 12 noon. The Society of Icelandic Organists will be hosting concerts at 12 noon on Thursdays in collaboration with the IOS. There will be organ concerts every Saturday at 12 noon and every Sunday at 5pm. The organists of the IOS will also be playing the postludium in the Sunday services at 11am.

Dear guests, I hope you will enjoy your visit to Hallgrímskirkja.
Björn Steinar Sólbergsson, organist of Hallgrímskirkja

AÐGANGSEYRIR / ADMISSION

Hádegistónleikar / Lunchtime concerts: 1.700 ISK
Schola cantorum: 2.000 ISK
Sunnudagstónleikar / Sunday concerts: 2.500 ISK
Listvinir fá frítt inn á orgeltónleika sumarsins




# Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju 2014

## The International Organ Summer in Hallgrímskirkja 2014

14. júní – 17. ágúst / June 14 – August 17



## Björn Steinar Sólbergsson



lau. 14. júní kl. 12 / Sat. June 14 at 12 noon
sun. 15. júní kl. 17 / Sun. June 15 at 5pm

Björn Steinar Sólbergsson hefur verið organisti við Hallgrímskirkju frá 2006 en áður starfaði hann við Akureyrarkirkju í 20 ár. Hann stundaði framhaldsnám á Ítalíu og í Frakklandi þar sem aðalkennari hans var Susan Landale. Björn Steinar hefur komið víða fram á tónleikum og hann er einn fárra organista sem hefur flutt Orgelkonsert Jóns Leifs. Þá hefur Björn Steinar umritað verk fyrir orgel og mun hann leika eitt þeirra, Intermezzo eftir Pál Ísólfsson á laugardagstónleikunum . Á efnisskrá sunnudagsins eru m.a. 2. orgelsinfónía Widors, verk eftir Mendelssohn og Bach og íslensku tónskáldin Jón Þórarinsson, Jón Ásgeirsson, Smára Ólason og Huga Guðmundsson.

Björn Steinar Sólbergsson has been organist at Hallgrímskirkja since 2006 and before that he was active at Akureyri Church for 20 years. He studied in Italy and in France at the Conservatoire National de Region de Rueil Malmaison with Susan Landale. Björn Steinar has given concerts widely in Europe and also in the USA where he with the Cleveland Institute of Music Orchestra played the seldom heard Organ concert by the Icelandic composer Jón Leifs. He has also transcribed Icelandic music for the organ; one of them can be heard at the Saturday concert. On the programme for Sunday he will perform Widor's Organ Symphony II, pieces by Mendelssohn and Bach, and by the Icelandic composers Jón Þórarinsson, Jón Ásgeirsson, Smári Ólason and Hugi Guðmundsson.

## Hannfried Lucke



lau. 21. júní kl. 12 / Sat. June 21 at 12 noon
sun. 22. júní kl 17 / Sun. June 22 at 5pm

Hannfried Lucke kom fram á fyrstu tónleikaröð Alþjóðlega orgelsumarsins árið 1993 og hefur í framhaldi af því átt farsælt samstarf við Hörð Áskelsson og Mótettukór Hallgrímskirkju. Hannfried lék m.a. með kórnum á tónleikaferðalagi um Mið-Evrópu, á tónleikum í Hallgrímskirkju og í Skálholti. Þá hljóðritaði hann verk eftir Duruflé inn á geisladisk með kórnum, sem selst hefur um allan heim. Hannfried stundaði nám í heimaborg sinni, Freiburg í Þýskalandi, og hjá Lionel Rogg í Genf í Sviss. Árið 1997 var hann skipaður prófessor í orgelleik í Graz í Austurríki og frá árinu 2000 hefur hann verið prófessor í orgelleik við Mozarteum tónlistarháskólann í Salzburg. Hannfried Lucke er eftirsóttur konsertorganisti og kennari og hefur haldið tónleika og meistaranámskeið víða um heim. Á efnisskrá hans eru verk eftir Sweelinck, feðgana J.S. og C.P.E. Bach, Mozart, Liszt og Guilmant í bland við spunaleik hans sjálfs.

Hannfried Lucke participated in the very first season of the International Organ Summer back in 1993. Since then he has come back many times with his organ playing influenced by central Europe. Lucke studied in his home town of Freiburg/Breisgau in Germany and with Lionel Rogg in Geneva. In 1997 he became organ professor in Graz in Austria and since 2000 he has been professor of organ at the Mozarteum University in Salzburg. His concerts tours and master classes have taken him all over the world. On Lucke's programme are works by Sweelinck, father and son J.S. and C.P.E. Bach, Mozart, Liszt and Guilmant and he will also improvise on a given theme.

## Pétur Sakari



lau. 28. júní kl 12 / Sat. June 28 at 12 noon
sun. 29. júní kl 17 / Sun. June 29 at 5pm

Pétur Sakari er finnskur konsertorganisti. Hann hélt fyrstu einleikstónleika sína 13 ára gamall árið 2005. Pétur hefur verið valinn bjartasta vonin síðast á alþjóðlegu orgelhátíð dómkirkjunnar í Turku (2010). Hann hefur haldið fjölda tónleika bæði heima í Finnlandi og erlendis. Hann var einungis þriggja ára þegar hann hóf nám í sellóleik og átta ára gamall bætti hann orgelinu við, undir leiðsögn Pekka Suikkanen. Frá 2004 hefur hann lært á orgel hjá Tuomas Karjalainen og Kalevi Kiviniemi. Þá hefur Pétur stundað framhaldsnám í París undanfarin ár hjá Thierry Escaich og Vincent Warnier. Á efnisskrá hans er m.a. hin glæsilega Prelúdía og fúga í Es-dúr eftir Bach, umritun á Pílagrímakórnum úr Tannhäuser auk þess sem hann mun leika af fingrum fram.

Pétur Sakari is a Finnish concert organist and improviser. He gave his solo début recital in 2005 at 13 years of age. Since then he has performed actively in Finland and abroad. Sakari has often been chosen as the Young Artist of the Year, last time at the international organ festival at Turku Cathedral in 2010. Pétur Sakari started his musical studies as a cellist when he was 3 years old and his organ studies at the age of 8 under Pekka Suikkanen. From the year 2004 he has been the student of Tuomas Karjalainen and Kalevi Kiviniemi. Pétur Sakari has also studied in Paris with the famous organ virtuoso Thierry Escaich and Vincent Warnier. On his programme here are among others the magnificent Prelude and Fugue in E flat by Bach, a transcription of the Pilgrim choir from Tannhäuser by Wagner and improvisations.



## Thierry Escaich

lau. 5. júlí kl 12 / Sat. July 5 at 12 noon
sun. 6. júlí kl 17 / Sun. July 6 at 5pm

Thierry Escaich er á meðal þekktustu konsertorganista á vorum dögum. Hann er rómaður spunasnillingur og eftirsóttur kennari. Hann hefur verið organisti við Saint-Étienne-du-Mont kirkjuna í París frá árinu 1997, en þar var Maurice Duruflé organisti í 57 ár! Thierry Escaich er einnig þekkt tónskáld og er nú m.a. í samstarfi við Kammersveit Parísar sem „staðartónskáld“. Hann hefur komið fram á orgeltónleikum víða um heim og alls staðar hrífur hann áheyrendur með leik sínum og fjölbreyttum efnisskrám sem hann setur saman með orgelverkum ýmissa orgeltónskálda, eigin verkum og spuna. Á tónleikum sínum í Hallgrímskirku leikur hann verk eftir J.S. Bach, Vierne og Duruflé til viðbótar við spunaleik og Þrjú ljóð fyrir orgel eftir sjálfan sig. Tveir organistar sumarsins hafa lært hjá Thierry Escaich, Pétur Sakari og Axel Flierl.

Thierry Escaich is an internationally renowned French composer, organist and improviser. He has been organist at Saint-Étienne-du-Mont in Paris since 1997. He appears in recitals the world over and everywhere he fills the audience with enthusiasm, combining repertoire pieces with his own compositions and improvisations. As a composer Escaich is currently an associate composer with the Paris Chamber Orchestra. Since 1992 Escaich has been teaching composition and improvisation at the Paris Conservatoire. Besides improvisation his programme here in Iceland comprises pieces by Bach, Vierne, Duruflé and his work III poèmes pour Orgue



## Andreas Meisner

lau. 12. júlí kl 12 / Sat. July 12 at 12 noon
sun. 13. júlí kl 17 / Sun. July 13 at 5pm

Andreas Meisner er dómorganisti og tónlistarstjóri hinnar frægu dómkirkju í Altenberg, norðaustur af Köln. Þar skipuleggur hann m.a. þekkta alþjóðlega orgeltónleikaröð auk Alþjóðlegu orgelakademíunnar í Altenberg. Hann stjórnar einnig tveimur kórum, Óratóríukórs Kölnar og Domkantorei Altenberg. Andreas Meisner lauk A-prófi frá evangelísku kirkjutónlistardeildinni við Tónlistarháskólann í Köln og síðar einleikaraprófi í orgelleik í Stuttgart undir handleiðslu prófessors Ludger Lohmann. Þá sótti Meisner einnig kennslu hjá Marie-Claire Alain í París. Meisner er eftirsóttur konsertorganisti og hefur komið fram í flestum löndum Evrópu, Ísrael, Bandaríkjunum, Kanada og Nýja Sjálandi auk þess sem hann hefur leikið inn á fjölmarga geisladiska. Efnisskrá Meisners í Hallgrímskirkju endurspeglar áhuga hans á franskri og þýskri tónlist rómantíska tímabilsins og impressíónismans, sem hann hefur sérhæft sig í, auk þess sem hann leikur gjarna á orgel frá barokktímanum.

Andreas Meisner is organist and musical director at the well known Altenberg Cathedral, north east of Cologne in Germany. There he is responsible for the famous international organ festival at the Cathedral and takes part in the International Organ Academy at Altenberg. He also conducts two choirs; the Cologne Oratorio Choir and the Altenberg Cathedral Choir. Andreas Meisner studied at the Music Academy of Cologne and in Stuttgart with Prof. Ludger Lohmann. Later he also studied with Marie-Claire Alain in Paris. Andreas Meisner teaches organ and choir conducting at his Alma Mather in Cologne. The programme here is typical for Meisner's emphasis on the late romantic and impressionistic era, but he also enjoys giving concerts on historic (Baroque) organs.



## Alessandro Bianchi

lau. 19. júlí kl 12 / Sat. July 19 at 12 noon
sun. 20. júlí kl 17 / Sun. July 20 at 5pm

Alessandro Bianchi fæddist og ólst upp í Como á Langbarðalandi á Norður-Ítalíu, stundaði orgelnám við tónlistarháskólann í Piacenza hjá Luigi Toja og tók þátt í meistaranámskeiðum hjá Nicholas Danby og Arturo Sacchetti. Bianchi er organisti við Basilíku Heilags Páls í Cantù á Langbarðalandi og listrænn stjórnandi tónlistarfélagsins Amici dell'Organo di Cantù. Hann er einnig organisti við Anglíkönsku kirkjuna í Lugano í ítalska hluta Sviss. Alessandro Bianchi hefur leitt fjölda meistaranámskeiða um ítalska orgeltónlist og leikið inn á geisladiska. Hann var nýlega útnefndur heiðursborgari í Cantù. Á tónleikunum hér í Hallgrímskirkju leikur hann verk eftir Bossi, J.S. Bach, Mulet, Swann, Vierne og hina þekktu Sónötu við 94. Davíðssálm eftir Julius Reubke.

Alessandro Bianchi was born and grew up in Como in the Lombardy region in Italy and he studied the organ at the Piacenza Conservatory with Luigi Toja. He also participated in master classes with Nicholas Danby and Arturo Sacchetti. He is organist of St. Paul's Basilica in Cantù and Artistic Director of the Musical Association Amici dell'Organo di Cantù. He is also organist of the Anglican Church in Lugano in the Italian part of Switzerland. Alessandro Bianchi has given master classes on Italian organ music and has recorded several CDs. Recently he was awarded the title Honorary Citizen by the City of Cantù. At his concerts here in Hallgrímskirkja he will perform works by Bossi, Bach, Mulet, Swann, Vierne and the well known Sonata on the 94th Psalm by Julius Reubke.



## Lára Bryndís Eggertsdóttir

lau. 26. júlí kl 12 / Sat. July 26 at 12 noon
sun. 27. júlí kl 17 / Sun. July 27 at 5pm

Lára Bryndís Eggertsdóttir byrjaði ung að læra á píanó og þegar hún var 14 ára gömul tók hún fyrstu skrefin sem afleysingaorganisti í Langholtskirkju. Hún lauk einleikaraprófi frá Tónskóla þjóðkirkjunnar með hæstu einkunn vorið 2002 undir handleiðslu Harðar Áskelssonar. Frá 2008 hefur Lára Bryndís verið búsett í Horsens í Danmörku og hefur á sama tíma stundað framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Árósum hjá Ulrik Spang-Hanssen. Þar lýkur hún meistaraprófi í kirkjutónlist í sumar. Lára Bryndís hefur hlotið fjölda viðurkenninga og styrkja á ferli sínum. Nýlega pantaði hún verk eftir sjö íslensk tónskáld undir heitinu Ég heyrði þytinn frá vængjum þeirra. Þessi verk voru frumflutt í Hallgrímskirkju nú í júníbyrjun og samtímis voru þau gefin út á nótum og hljómdiski. Á tónleikunum mun Lára Bryndís veita áheyrendum sýnishorn af þessu nýsköpunarverkefni sínu með flutningi á verkum þeirra Stefáns Arasonar, Báru Grímsdóttur og Gísla Jóhanns Grétarssonar en einnig leika verk eftir Guillou, Messiaen og J.S. Bach.

Lára Bryndís Eggertsdóttir began her piano studies at a very young age and she at the age of 14 she began playing in the services at the Langholtskirkja, a parish church in Reykjavík. In 2002 she completed her soloist diploma from the National Church School of Music under the guidance of Hörður Áskelsson. Since 2008, Lára Bryndís Eggertsdóttir has been living in Denmark where she has pursued further studies at the Aarhus Royal Academy of Music with Prof. Ulrik Spang-Hanssen as principal organ teacher. Recently she gave the first performance of organ works by seven Icelandic composers under the name I heard the sound of their wings. She will give the audience insight into the works of Stefán Arason, Bára Grímsdóttir og Gísli Jóhann Grétarsson but also play pieces by Guillou, Messiaen and Bach.



## Maurice Clerc

lau. 2. ágúst kl 12 / Sat. August 2 at 12 noon
sun. 3. ágúst kl 17 / Sun. August 3 at 5pm

Maurice Clerc hefur farið víða á tónleikaferðum sínum og heimsótt fjórar heimsálfur á 35 ára ferli. Hann hefur leikið í þekktum dómkirkjum, líkt og í New York, Feneyjum og Melbourne og á tónlistarhátíðum í Bruges í Belgíu, Buenos-Aires, Suður-Afríku og í Úrúgvæ. Maurice Clerc lærði fyrst orgelleik hjá Suzanne Chaisemartin og síðar hjá Rolande Falcinelli við National Conservatory Superior í París. Hann lærði einnig hjá Litaize og Cochereau. Árið 1972 var hann skipaður organisti við hina glæsilegu gotnesku St. Bénigne's dómkirkju í Dijon í Frakklandi þar sem hann kennir orgelleik við tónlistarháskóla borgarinnar. Á efnisskrá Clercs í Hallgrímskirkju er barokktónlist eftir Mouret, Marello og J.S. Bach en einnig verk eftir C. Franck, G. Fauré, Langlais og kennara Clerks: Cochereau.

Maurice Clerc has travelled widely for his concerts as they have brought him to four continents in 35 years. He has played in cathedrals is cities such as New York, Venice and Melbourne and at festivals in Bruges, Buenos-Aires, South Africa and Uruguay. Maurice Clerc studied the organ first with Suzanne Chaisemartin and later with Rolande Falcinelli at the National Conservatory Superior in Paris. He also studied with Litaize and Cochereau. In 1972 he was appointed titular organist of the magnificent Gothic St-Bénigne's Cathedral in Dijon in France where he also teaches the organ at the conservatory. On his programme Baroque music by Mouret, Marcello and Bach can be found but also works by Franck, Fauré, Langlais and his teacher Cochereau.



## Eyþór Franzson Wechner

lau. 9. ágúst kl 12 / Sat. August 9 at 12 noon
sun. 10. ágúst kl 17 / Sun. August 10 at 5pm

Eyþór Franzson Wechner er frá Akranesi. Hann byrjaði að læra á píanó 7 ára gamall en 14 ára skipti hann yfir á orgel, í fyrstu undir leiðsögn Úlriks Ólasonar en síðar hjá Birni Steinari Sólbergssyni við Tónskóla þjóðkirkjunnar og Listaháskóla Íslands. Undanfarin ár hefur Eyþór numið við Tón- og leiklistarháskólann í Leipzig þaðan sem hann lauk meistaraprófi í sumar. Orgelkennari hans hefur verið próf. Stefan Engels. Meðfram náminu hefur Eyþór sótt meistaranámskeið hjá ýmsum nafnkunnum organistum. Fyrir tónleikana í Hallgrímskirkju hefur Eyþór sett saman efnisskrár sem endurspegla sterk tengsl hans við tónlistarborgina Leipzig með verkum eftir J.S. Bach, R. Schumann, Sigfried Karg-Elert og hina glæsilegu Fantasíu og fúgu í d-moll eftir Max Reger.

Eyþór Franzson Wechner hails from Akranes, a fishing town just north of Reykjavík. He began his piano studies at the age of 7 but changed to the organ at 14 years of age. His first teacher here in Iceland was Úlrik Ólason and later Björn Steinar Sólbergsson. After two years at the Iceland Academy of the Arts he moved to Leipzig to the Academy for Music and Theatre finishing his MA degree this summer under the guidance of Prof. Stefan Engels. The programme here in Hallgrímskirkja emphasizes his links to the great musical heritage of Leipzig. He will play works by Bach, Schumann, Karg-Elert and the majestic Fantasy and Fugue in d minor by Max Reger.



## Axel Flierl

lau. 16. ágúst kl 12 / Sat. August 16 at 12 noon
sun. 17. ágúst kl 17 / Sun. August 17 at 5pm

Axel Flierl stundaði nám í kirkjutónlist, orgelleik og spuna hjá Edgar Krapp og Wolfgang Hörlin við Tónlistarháskólann í München og hjá Thierry Escaich og Vincent Warnier við Saint-Étienne-du-Mont kirkjuna í París, þar sem hann kynnti sér orgeltónlist Maurice Duruflé. Árið 2006 var Axel Flierl skipaður organisti og tónlistarstjóri við Basiliku heilags Péturs í Dillingen við Dóná í Bæjaralandi og ári síðar stofnaði hann alþjóðlegu orgeltónlistarhátíðina Dillinger Basilikakonzerte. Undanfarin tvö ár hefur hann unnið að doktorsverkefni við Tónlistarháskólann í Karlsruhe, þar sem hann fjallar um orgelverk þýska tónskáldsins Karl Höller (1907–1987). Hér leikur Flierl verk eftir J.S. Bach, glæsilega orgelsvítu eftir Duruflé og verk eftir franska tónskáldið Pierre Cochereau.

The 38 year old Bavarian Axel Flierl, studied church music, concert organ and improvisation with Edgar Krapp and Wolfgang Hörlin at the University of Music and Performing Arts in Munich as well as with Thierry Escaich and Vincent Warnier at Saint-Étienne-du-Mont in Paris where he studied the organ works of Maurice Duruflé. In 2006 Alex Flierl was appointed organist and conductor of the St. Peter's Basilica in Dillingen an der Donau in Bavaria in Germany. There he initiated the international annual organ festival Dillinger Basilika Concerts in 2007. During the last two years he has been working on a dissertation at Karlsruhe University of Music on the organ works of the German composer Karl Höller (1907-1987). Here he will play pieces by Bach, the magnificent Suite op. 5 by Duruflé but he will also play a few pieces by the French composer Pierre Cochereau.

## Alþjóðlegt orgelsumar / International Organ Summer

Björn Steinar Sólbergsson organisti/organist
Hörður Áskelsson kantor/Music Director of Hallgrimskirkja
Inga Rós Ingólfsdóttir framkvæmdastjóri/Manager

Umsjón með efnisskrám/program supervision: Erla Elín Hansdóttir
Grafískur hönnuður/grafic designer: Hafsteinn Sv. Hafsteinsson ENNEMM

Tónleikastjóri/Concert manager: Áskell Harðarson tel. 865 1723

Reykjavíkurborg
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Hotel Holt
Gunnar Eggertsson

# Tónleikar sumarsins

## Concerts this summer

| | |
|---|---|
| 14. 6. kl. 12/June 14 at 12 noon | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja |
| 15. 6. kl. 17/June 15 at 5 pm | Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja |
| 18. 6. kl. 12/June 18 at12 noon | Schola Cantorum, Hallgrímskirkja Chamber Choir |
| 19. 6. kl. 12/June 18 at 12 noon | Helga Þórdís Guðmundsdóttir, Víðistaðakirkja |
| 21. 6. kl. 12/June 21 at 12 noon | Hannfried Lucke, Salzburg/ Lichtenstein |
| 22. 6. kl. 17/June 22 at 5 pm | Hannfried Lucke, Salzburg/ Lichtenstein |
| 25. 6. kl. 12/June 25 at 12 noon | Schola Cantorum, Hallgrímskirkja Chamber Choir |
| 26. 6. kl. 12/June 26 at 12 noon | Guðmundur Sigurðsson, Hafnarfjarðarkirkja,Iceland |
| 28. 6. kl. 12/June 28 at 12 noon | Pétur Sakari, Helsinki Finnland/ Finland |
| 29. 6. kl. 17/June 29 at 5 pm | Pétur Sakari, Helsinki, Finnland/ Finland |
| 2. 7. kl. 12/July 2 at 12 noon | Schola Cantorum, Hallgrímskirkja Chamber Choir |
| 3. 7. kl. 12/July 3 at 12 noon | Kári Allansson, Háteigskirkja<br>Anna Jónsdóttir sópran Reykjavík |
| 5. 7. kl. 12/July 5 at 12 noon | Thierry Escaich, París Frakklandi/ France |
| 1. 7. kl. 17/July 6 at 5 pm | Thierry Escaich, París Frakklandi/ France |
| 9. 7. kl. 12/July 7 at 12 noon | Schola Cantorum, Hallgrímskirkja Chamber Choir |
| 10. 7. kl. 12/July 10 at 12 noon | Steingrímur Þórhallsson, Neskirkja, Reykjavík<br>Hallveig Rúnarsdóttir, sópran/ Reykjavík |
| 12. 7. kl. 12/July 12 at 12 noon | Andreas Meisner, Altenberg Þýskaland/ Germany |
| 13. 7. kl. 17/July 13 at 5 pm | Andreas Meisner, Altenberg Þýskaland/ Germany |
| 16. 7. kl. 12/July 16 at 12 noon | Schola Cantorum, Hallgrímskirkja Chamber Choir |
| 17. 7. kl. 12/July 17 at 12 noon | Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, Akureyrarkirkja, Iceland |
| 19. 7. kl. 12/July 19 at 12 noon | Alessandro Bianchi, Cantu Ítalía/ Italy |
| 20. 7. kl. 17/July 20 at 5 pm | Alessandro Bianchi, Cantu Ítalía/ Italy |
| 23. 7. kl. 12/July 23 at 12 noon | Schola Cantorum, Hallgrímskirkja Chamber Choir |
| 24. 7. kl. 12/July 26 at 12 noon | Jón Bjarnason, Skálholtsdómkirkja , Iceland |
| 26. 7. kl. 12/July 26 at 12 noon | Lára Bryndís Eggertsdóttir, Ísland /Iceland |
| 27. 7. kl. 17/July 27 at 5 pm | Lára Bryndís Eggertsdóttir, Ísland/ Iceland |
| 30. 7. kl. 12/July 30 at 12 noon | Schola Cantorum, Hallgrímskirkja Chamber Choir |
| 31. 7. kl. 12/July 31 at 12 noon | Stéphane Rigat, orgel & Olivier Gillet trompet, Marseille, Frakklandi/ France |
| 2. 8. kl. 12/August 2 at 12 noon | Maurice Clerc, Dijon Frakklandi/ France |
| 3. 8. kl. 17/August 3 at 5 pm | Maurice Clerc, Dijon Frakklandi/ France |
| 6. 8. kl. 12/August 6 at 12 noon | Schola Cantorum, Hallgrímskirkja Chamber Choir |
| 7. 8. kl. 12/August 7 at 12 noon | Eyþór Ingi Jónsson, Akureyrarkirkja / Iceland |
| 9. 8. kl. 12/August 9 at 12 noon | Eyþór Franzson Wechner, Ísland / Iceland |
| 10. 8. kl. 17/August 10 at 5 pm | Eyþór Franzson Wechner, Ísland / Iceland |
| 13. 8. kl.12/August 13 at 12 | Schola Cantorum, Hallgrímskirkja Chamber Choir |
| 14. 8. kl. 12/August 14 at 12 | Gunnar Gunnarsson, Fríkirkjan í Reykjavík |
| 16. 8. kl. 12/August 16 at 12 | Axel Flierl , Dillingen, Þýskalandi/ Germany |
| 17. 8. kl. 17/August 17 at 5 pm | Axel Flierl , Dillingen, Þýskalandi/ Germany |

Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti, 101 Reykjavík
Sími / tel.: +354 510 1000, fax: +354 510 1010
althjodlegtorgelsumar@gmail.com
hallgrimskirkja.is - www.listvinafelag.is